

# Umsókn um tímabundinn greiðslufrest lána vegna Covid-19



Nafn umsóknaraðila:	Kennitala:
Netfang:	Sími (tel):

hér eftir, „fyrirtækið“, sækir hér með um tímabundinn greiðslufrest á lánum fyrirtækisins hjá Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, hér eftir „bankinn“, sökum greiðsluferfiðleika tilkomnum vegna tekjuskurðingar fyrirtækisins í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19. Hafi fyrirtækið þegar fengið greiðslufrest vegna greiðsluvanda í tengslum við heimsfaraldirinn sækir fyrirtækið um framlengingu á greiðslufresti um það tímabil sem tilgreint er í umsókn þessari.

Það er skilyrði greiðslufrests að fyrir liggi væntingar um að fyrirtækið geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar þegar umsóttum greiðslufresti lýkur. Það er jafnframt skilyrði að fyrirtækið hafi nýtt sér viðeigandi úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldursins, sem því stendur til boða. Bankinn kann jafnframt að setja það skilyrði fyrir greiðslufresti, eða framlengingu greiðslufrests, að fyrirtækið fái samþykktan sambærilegan greiðslufrest hjá öðrum lánveitendum sínum.

Samþykki bankinn umsókn fyrirtækisins um frestun greiðslna, hvort heldur sem er á vöxtum, afborgunum eða hvoru tveggja, skulu þær greiðslur sem falla áttu í gjalddaga á tímabili frestunar greiðast með því að bankinn samþykkir að bæta þeim við höfuðstól lánsins. Skal lánstími lengjast sem nemur fjölda frestaðra gjalddaga.

**Fyrirtækið sækir um greiðslufrest lána sinna í mánuði (hámark greiðslufresta er samtals 18 mánuðir, þó ekki lengur en út desember 2021).**

**Fylgigögn sem umsækjandi skal senda með umsókninni hafi slík gögn ekki þegar verið afhent bankanum í tengslum við umsóknir um önnur úrræði:**

- Ársreikningur 2019 og ársreikningur 2020 (staðfestur ef til en annars drög).
- Rekstraráætlun fyrir árin 2021-2022 til að meta rekstrarhæfi fyrirtækisins til framtíðar.
- Staðfesting á tekjutapi (bókhaldsgögn sem sýna að tekjutap hafi átt sér stað eftir upphaf heimsfaraldursins, miðað við sama tímabil árið 2019 eða miðað við tekjur samliggjandi mánaða á árinu 2020).
- Umfjöllun umsækjanda um ráðstafanir sem gripið hefur verið til í rekstrinum vegna lausafjávanda fyrirtækisins og umfjöllun um þau úrræði sem umsækjandi hefur nýtt sér í tengslum við lausafjávanda sinn, svo sem úrræði sem stjórnvöld hafa sett á laggirnar.
- Önnur gögn sem umsækjandi telur gefa greinargóða mynd af fjárhagsstöðu sinni og rekstrarhorfur.

Með undirritun á umsókn þessa veitir fyrirtækið Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til þess að sækja upplýsingar í skuldastöðukerfi Creditinfo um stöðu allra innlána, útlána og annarra fjárskuldbindinga við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eða aðrar fjármálastofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila.

Fyrirtækið ábyrgist réttmæti þeirra upplýsinga sem það veitir bankanum um fjárhags- og eignastöðu sína í tengslum við umsóknina. Séu lán í vanskilum munu engar frekari innheimtuaðgerðir eiga sér stað á meðan umsóknin er í vinnslu. Reynist upplýsingar og/eða gögn sem fyrirtækið leggur til vera röng eða gefa með einhverjum hætti ranga eða villandi mynd af fjárhags- og eignastöðu fyrirtækisins hefur bankinn rétt á því að fella skilmálabreytingar lána úr gildi.

Bankinn áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum en í umsókninni greinir.

Samþykki bankinn umsóknina skal umsækjandi greiða gjald fyrir skilmálabreytinguna samkvæmt verðskrá bankans.

Fyrirtækinu er bent á að hafa samband við sinn tengilið í bankanum eða með tölvupósti á netfangið [fyrirtaeki@islandsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@islandsbanki.is) vakni spurningar vegna umsóknarferlisins. Umsókn þessari má skila til bankans í tölvupósti á framangreint netfang en hún skal þó ávallt vera undirrituð af hálfu fyrirtækisins, með undirritun á pappír eða með rafrænni undirskrift. Sé umsóknin á pappír skal fyrirtækið afhenda bankanum frumrit umsóknarinnar verði þess óskað síðar.

Staður

Dagsetning

Undirritun f.h. fyrirtækisins



EY-10890 - 22032021